

Þessar leiðbeiningar gilda fyrir litla fuglahópa (færri en 100 fuglar), þegar ekki er hægt að taka sýni með skóhlífum.

Þú tekur eitt safnsýni annaðhvort með saur eða með tauklútum, og þú tekur sýni eingöngu innanhúss.

Ef ætlað er að slátra hópnum má sýnið má ekki vera eldra en þriggja vikna við slátrun.

Saursýni

Þú tekur 60 fersk saursýni sem mynda 1 safnsýni sem er samtals a.m.k. 150 g. Saursýnin eru tekin vítt og breitt úr húsinu og þú safnar þeim í nýtt hreint ílát.

Sýni með tauklútum (sokkasýni)

Þú notar rakdrægt efni, t.d. grisjuhólk, sem þú klippir í u.þ.b. 50cm langan bút.

Sokkinn eða tauklúttinn setur þú yfir hanskaklædda höndina. Þú nuddar sokkinn eftir yfirborði mengað nýjum saur á sem flestum stöðum inn í húsinu. Síðan setur þú sýnið í nýtt hreint ílát.

Frágangur

Þú merkir sýnið vel með rekjanleikanúmer fuglahópsins og sýnatökudagsetningu. Fylltu út eyðublaðið nákvæmlega og sendu sýnið með rannsóknarbeiðnina samdægurs á rannsóknarstofuna þína.

Ef þú getur ekki sent sýnið samdægurs eða innan við 24 klst. þarft þú að geyma það í kæli við 2-8°C. Ath: Sýnið telst órannsóknarhæft ef yfir 96 klst. liða frá sýnatöku þar til rannsókn hefst og er þá ógilt.

Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Grisjur / sokkar
- Tússpenni og límmiðar
- Rannsóknareyðublað (<http://www.mast.is/eydublod/bufe>)
- Kassi til sendingar

Um rekjanleikanúmer

Númerið er samsett þannig:

AAA-XX-YY-1-ZZ

- AAA: Einkennisnúmer framleiðandans (þriggja stafa númer), gefið út af Matvælastofnun.
- XX: Fæðingarár fuglahópsins (tveggja stafa númer)
- YY: Fæðingavika fuglahópsins (tveggja stafa númer)
- 1: Klakhópur (yfirleitt „1“ í umfangslitlu framleiðslu, sem þýðir að 1 hópur var fenginn úr viðkomandi klaki) (ein stafa númer)
- ZZ: Húsnúmer. Framleiðandi með einu húsi notar húsnúmer 01 (tveggja stafa númer)

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum skv. reglugerð (EB) nr. 646/2007, innleidd með reglugerð nr. 1014/2011.

Útgáfudagur: 1.11.2011